

lega ákveðin 29.500.00 króna sekt, er renna skal í Landhelgissjóð Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Þá skal og allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, er innan borðs voru í v/b Sídon, upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Loks skal kærði greiða allan kostnað sakar þessarar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Theodórs B. Lindals hæstaréttarlögmans, kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Angantýr Arngrímur Elíasson, greiði 29.500.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/b Sídon, V.E. 29, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Theodórs B. Lindals hæstaréttarlögmans, kr. 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1949.

Nr. 125/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Júlíusi Sigurðssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms er refsing kærða hæfilega ákveðin 42.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og um upptöku afla og veiðarfæra ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Júlíus Sigurðsson, greiði 42.500 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. maí 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 19. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 af Gunnari A. Pálssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Júlíusi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Júlíusi Sigurðssyni skipstjóra, Bárugötu 2 í Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kærði er fæddur í Vestmannaeyjum 2. júlí 1912 og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo að kunnugt sé, sætt þeim refsingum, er nú greinir:

1933 16/5 Sætt í Vestmannaeyjum, 25.00 króna sekt fyrir brot gegn fiskveiðasamþykkt Vestmannaeyja.

1935 29/5 Sætt í Vestmannaeyjum, 25.00 króna sekt fyrir sams konar brot.

1941 3/4 Dómur aukaréttar Vestmannaeyja, 250.00 króna sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaganna.

1941 3/6 Kærður fyrir ölvun og óspektir. Látið falla niður.

Atvik máls þessa eru þau, að klukkan 10.30 miðvikudaginn 31. marz sl. var Grummanflugbátur flugfélagsins Loftleiða h/f hafinn til flugs af flugvellinum í Reykjavík. Flugmenn voru þeir Alfreð Elíasson flugstjóri, Eskihið 7, og Stefán Magnússon flugmaður, Laugahvoli við Laug-

arásveg, báðir í Reykjavík. Var flugvélin send af framkvæmdastjóra landhelgisgæzlunnar, Pálma Loftssyni, og var ferðinni heitið með suðurströndinni austur að Ingólfshöfða í því skyni að athuga um ólögmatar veiðar. Voru því með í förinni landhelgisgæzlumennirnir Jón Jónsson skipherra, Njálsgötu 4, og Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, Kjartansgötu 3, báðir í Reykjavík. Hefur Jón skipherra sem vitni skýrt frá ferðum flugvélarinnar á þá leið, er nú verður greint, og hefur Eyjólfur 1. stýrimaður, og sem vitni, staðfest frásögn hans svo og báðir fyrrgreindir flugmenn, einnig sem vitni, að því leyti, sem þeir hafa verið spurðir.

Kveður Jón skipherra, að flogið hafi verið yfir Reykjanesskaga og komið að sjó við Krýsuvíkurborg, en þaðan hafi verið haldið austur með landi innan landhelgislinu í um það bil tveggja sjómílna fjarlægð frá landi. Á Herdisarvík hafi sézt togbátur að veiðum í landhelgi klukkan 10.53, og er komið hafi verið að Dyrhólaey, hafi enn sézt tveir togbátar í landhelgi. Á öðrum þessara báta hafi bátverjar breitt yfir nafn og umdæmistölu, er þeir hafi orðið þess varir, að farið var að athuga athafnir þeirra, en á hinum bátnum hafi bæði nafn og umdæmistala verið svo máð, að þeir gæzlumennirnir hafi ekki séð þau, enda þótt þeir gerðu sex tilraunir til þess. Á báðum þessum bátum hafi þó sézt umdæmistbókstafirnir V.E. Bátar þessir hafi verið 1.7 sjómílu innan landhelgislinunnar. Klukkan 11.55 hafi fluginu verið haldið áfram austur með frá þessum stað og stefnt laust af Köflutanga utan við Hjörleifshöfða. Hafi hin flogna lína öll verið innan landhelgi, en misjafnlega langt vegna hlykkja landhelgislinunnar. Lengst hafi hún verið 2.4 sjómílu fyrir innan línuna, en stytzt 1.8 sjómílu. Þegar komið hafi verið austur á móts við Köflutanga, hafi orðið á leið flugvélarinnar nokkrir bátar, þ. á m. v/b Þorgeir goði, V.E. 34, en það er togbátur að stærð rúmar 67 smálestir brúttó með 180 hestafla vél, og er eigandi hans h/f Tanga-bátarnir í Vestmannaeyjum. Skipstjóri á v/b Þorgeiri goða var kærði, Júlíus Sigurðsson. Þar eð gæzlumennirnir töldu, að báturinn væri þarna að ólöglegum landhelgisveiðum, hófu þeir athugun um stað hans og athafnir, en þá var klukkan alveg um 12 á hádegi. Segir Jón skipherra, að fyrst hafi verið flogið austur með honum á stjórnborðshlið og flugvélin þá haft bátinn landmegin við sig, enda hafi báturinn snúið austur með landinu. Hafi verið flogið mjög nálægt bátnum, líklega 50—100 m frá honum og skammt fyrir ofan sigluhúna hans að hæðinni til. Dálitið hafi verið flogið austur fyrir hann, en þá snúið við og stefna tekin á „Portlands“-vita til þess að gera staðarákvörðun bátsins. Hafi þá verið flogið vestur með honum landmegin og þannig með bakborðshlið hans. Stutt hafi verið flogið frá bátnum og e. t. v. heldur lægra en fyrr. Á þessu flugi hafi landhelgisgæzlumennirnir báðir gert staðarákvörðun bátsins við fullkomlega örugga aðstöðu að öllu leyti. Hafi staðarákvörðunin verið framkvæmd þannig, að flugvélin hafi verið stafnsett á „Portlands“-vita. Þegar komið hafi verið yfir bátinn, hafi staður hans reynzt: austurkantur Hjörleifshöfða $\neq$ Drang og réttvísandi miðun 281° á

„Portlands“-vita. Enn fremur hafi Reynisdranga á sama tíma borið í Dyrhólaeyna að ofanverðu. Hafi staðarákvörðun þessi sýnt v/b Þorgeir goða 1.8 sjómílu innan landhelgislínu. Staðarákvörðun þessa bar skipherrann undir flugmennina, er hann hafði sett hana á kort. Höfðu þeir mælt fjarlægðina milli bátsins og strandar með því að fljúga þar á milli, og töldu þeir staðarákvörðun gæzlumannanna koma heim við athugun sína. — Í rannsókn málsins var lagt fram sjókort með ámörkuðum stað v/b Þorgeirs goða, gert af Jóni skipherra og staðfest í lögregluréttinum af honum. Hlutaðist dómariinn til um, að skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, fyrrum varðskipsforingi, kynnti sér gögn málsins og athugaði staðarákvörðun skipherrans. Taldi skólastjórinn staðarákvörðunina rétta á kortinu, eftir því sem upp væri gefið, og staðfesti það álit sitt með áritun á fyrrgreint sjókort í viðurvist dómarans. — Kærði hefur lýst því í rannsókn málsins, að hann telji, að staðarákvörðunin geti staðizt.

Að staðarákvörðuninni lokinni flugu gæzlumennirnir enn austur með bátnum og héldu áfram för sinni austur með ströndinni til áframhalds gæzlustarfinu.

Að þessu athuguðu þykir ekki vafi leika á um það, að v/b Þorgeir goði hafi verið staddur á þeim stað, er fyrrgreind staðarákvörðun greinir, þegar gæzlumennirnir athuguðu hann á fyrrgreindum tíma.

Við athugun sína töldu gæzlumennirnir sig verða þess vísa, að v/b Þorgeir goði væri þarna að botnvörpuveiðum í landhelgi, og er þeir komu heim úr gæzluförinni, sendu þeir bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum símkeyti og kærðu skipstjórnann fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Var rannsókn síðan hafin af settum bæjarfógeta, Axel Ó. Ólafssyni bæjarfógetafulltrúa, 1. apríl sl., en vegna anna taldi hann sig ekki geta haldið henni áfram og lokið málinu. Hinn 7. sama mánaðar var Gunnar A. Pálsson, lögfræðingur í Reykjavík, skipaður til þess að fara með málið sem setudómari. Hefur hann því farið með það síðan.

Kærði neitar því ákveðið að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi umrætt skipti. Hefur hann skýrt svo frá ferðum sínum, að hann hafi látið úr höfn í Vestmannaeyjum klukkan 7.30 að morgni hins 30. marz sl. Byrjað hafi hann veiðar V a N $\frac{1}{4}$ N frá „Portlands“-vita, og kveðst hann hafa verið á þeim slóðum til klukkan 24 aðfaranótt 31. marz. Um nóttina hafi hann látið reka til klukkan 4.30, en þá kveðst hann hafa hafið veiðar á ný og tekið nokkur tog þangað til um það bil klukkan 9.30 að morgni hins 31. marz. Þá hafi hann tekið ákvörðun um að sigla austur í Meðallandsflóa og gengið frá veiðarfærum á venjulegan hátt sinn, hengt hlerana í gálga og tekið þá inn fyrir borðstokkinn og dregið vörpuna á þilfar stjórnborðs megin. Klukkan um 9.30—10 hafi hann hafið ferðina austur og siglt austur með landi við góða landsýn. Á leiðinni austur hafi gæzluflugvélin flogið yfir bátinn um kukkan 12 á hádegis. Hafi báturinn þá verið á fullri ferð austur með landi. Flugvélin hafi flogið þrisvar meðfram bátnum, öll skiptin lágt og nálægt honum. Er flugvélin hafi verið þarna, hafi ekki neinir bátverjar verið

við vinnu, enda ekki legið nein vinna fyrir. Baturinn hafi verið á ferð austur með landi og öll veiðarfæri hans innbyrðis, svo sem fyrr er greint. Kærði segir, að veður og skyggni hafi verið gott, en nokkuð þung alda. Á meðan gæzlumennirnir hafi athugað bátinn, hafi hann ekki gefið neina skipun um að breyta stefnu hans. Loks hefur kærði skýrt svo frá, að verið geti, að einhver fiskur hafi verið á þilfari, en hann hafi áreiðanlega verið aðgerður.

Í rannsókn málsins hafa bátverjar kærða verið krafðir vættis. Eru framburðir þeirra að mestu í samræmi við frásögn kærða, og verða nú rakin þau atriði þeirra, er einhverju virðast geta skipt.

Vitnið Egill Axel Árnason vélstjóri segir, að v/b Þorgeir goði hafi verið á fullri ferð austur, er flugvélin hafi flogið yfir.

Vitnið Kjartan Ólafsson háseti segir og, að báturinn hafi verið á fullri ferð, þegar flugvélin hafi flogið yfir hann, og ekki verið að toga. Um það leyti, er flugvélin hafi verið yfir bátnum, kveðst vitnið hafa verið við stýrið og kærði verið hjá sér í stýrishúsinu. Hafi kærði þá beðið sig að halda dýpra, þ. e. fjær landi, líklega $\frac{1}{2}$ striki eða eitthvað um það bil.

Vitnið Óli Jónsson háseti kveðst hafa vaknað og farið á þilfar, er flugvélin var yfir bátnum. Hafi báturinn þá verið á siglingu í austurátt og ekki verið að toga.

Vitnið Jóhann Pétur Sigurðsson háseti segir, að báturinn hafi ekki verið að toga, þegar flogið var yfir hann.

Vitnið Sigurður Jónsson, 2. vélstjóri, segir, að báturinn hafi verið á fullri ferð og ekki að toga, er flogið var yfir hann.

Vitnið Jón Ingimundarson stýrimaður segir, að þegar flogið var yfir bátinn, hafi hann verið á fullri ferð og öll veiðarfæri innan borðs.

Um öll vitnin gildir það, að þau voru enn skipverjar kærða og undir stjórn hans, er þau voru leidd. Enn fremur taka vitnin öll kaup sitt í aflahlut. Tortryggilegt þykir, hve vitnin töldu sig öll viss um, að flugvélin hafi alltaf flogið bakborðs megin við bátinn, þegar þess er gætt, að athafnir um borð fara að langmestu leyti fram stjórnborðs megin, þegar togað er. Af þessum þremur síðastgreindu ástæðum verða vitnin ekki talin óaðfinnanleg, og verður að meta framburð þeirra með þeim fyrirvara, er þau bera kærða í hag.

Ekkj verður dregið í efa, að landhelgisgæzlumennirnir hafi athugað athafnir bátsins og bátverja við góða aðstöðu, enda var veður og skyggni gott og ekki vont í sjó. Létu þeir flugvélinna fljúga mjög nálægt bátnum í þrjú skipti. Athuguðu þeir, hvað fram fór um borð, bæði með berum augum og sjónaukum. Rúður flugvélarinnar voru hreinar, og vængirnir voru fyrir ofan gluggana og byrgðu því ekki sýn. — Dómarinn lætur þess getið í þessu sambandi, að hann hafi sjálfur, í því skyni að gera sér grein fyrir aðstöðu gæzlumannanna, látið flugvél fljúga með sig að togbáti á veiðum. Hafi sér virzt mjög góð aðstaða til allrar athugunar á bátnum, og t. d. hafi dragstrengirnir sézt mjög greinilega.

Vitnið Jón Jónsson skipherra kveðst visst um, að v/b Þorgeir goði hafi verið á togveiðum, þegar flogið var yfir hann. Segist vitnið enga

toghlara hafa séð neins staðar á bátnum. Tveir dragstrengir hafi greinilega sézt aftur úr bátnum, og einnig hafi sézt, hvernig strengirnir hafi skorið sjóinn. Þá hafi verið auðséð af skrífuvatni bátsins, að vél hans hafi unnið af krafti, en þó hafi ekki freytt fram undan honum. Er flogið hafi verið yfir bátinn í annað sinn, hafi hann verið búinn að breyta stefnu og farinn að toga frá landi, en sú staðreynd sé eftir sinni reynslu sem landhelgisgæzlumanns enn ein röksemd fyrir því, að v/b Þorgeir goði hafi verið að togveiðum, því að það megi telja algilda reglu, þegar komið sé að skipi togandi í landhelgi, að það beygi frá landi, svo framarlega sem skipverjar telji það geta haft þýðingu.

Vitnið Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, segist vissst um, að varpan hafi ekki verið um borð, og hlera segist það ekki heldur hafa séð. Greinilega hafi sézt tveir dragstrengir aftur úr bátnum, og kveðst vitnið svo oft hafa séð slíkt, að misskilningur hafi ekki getað átt sér stað. Þá sá vitnið dragstrengina og skera sjóinn, en ekkert eða mjög lítið sá það freyða fyrir stefni bátsins. Í fyrra skiptið, er flogið hafi verið austur með bátnum, hafi hann stefnt austur með landi, en er vestur með honum hafi verið flogið, hafi hann verið búinn að breyta stefnu í áttina frá landi, líklega um 45°—60°. Bæði telja vitnin, að mikill fiskur hafi verið á þílfari bátsins.

Báðir hafa landhelgisgæzlumennirnir staðfest framburð sinn með eiði.

Með vísun til framangreindra ákveðinna og eiðfesta vitnaframburða landhelgisgæzlumannanna og þeirrar staðar, er þeir eiga í viðurkenningu kærða á því, að fiskur hafi verið á þílfari bátsins, er yfir hann var flogið, enda þótt það verði að telja mjög óeðlilegt, ef frásögn hans væri rétt, svo og framburði vitnisins Kjartans Ólafssonar, er það skýrði frá, að kærði hefði látið sig beita bátnum fjær landi, er yfir hann var flogið, enda þótt engin ástæða virðist hafa verið til þess, ef báturinn hefði verið á siglingu austur með, þykir ekki varhugavert að telja uppvist, að v/b Þorgeir goði hafi verið að ólöglegum landhelgisveiðum með botnvörpu á fyrrgreindum stað og tíma, þrátt fyrir gagnstæða framburði bátverja, er samkvæmt framansögðu geta engir talizt lögfull vitni í máli þessu, enda verður og að telja þá alla hluttakendur í hinum refsiverða verknaði kærða, þótt þeir séu að lögum undanþegnir refsingu. Verður því að telja kærða hafa gerzt sekan við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. og lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Þykir refsing kærða, með vísun til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu (100 gullkrónur = 294.46 pappírskrónur), hæfilega ákveðin 29.500.00 króna sekt, er renna skal í Landhelgisgjóð Íslands. Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, er innan borðs voru á v/b Þorgeiri goða, upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgisgjóðs Íslands.

Loks skal kærði greiða allan kostnað sakar þessarar.
 Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Júlíus Sigurðsson, greiði 29.500.00 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands. Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/b Þorgeiri goða, V.E. 34, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgisjódís Íslands.

Kærði skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1949.

Nr. 122/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Sigurði Gísla Bjarnasyni (Theodór B. Línal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot kærða við 1. gr. sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920 og lög nr. 4/1924. Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt þessu og öðrum atvikum þykir sekt á hendur kærða hæfilega ákveðin 42.500 krónur til Landhelgisjódís Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.